

Myndlist

Harmræn, leikræn

Kristjana Samper sýnir að Kjarvalsstöðum

Í vestursal Kjarvalsstaða hefur Kristjana Samper komið fyrir 24 verkum eftir sig og mun þetta vera fyrsta einkasýning hennar. Verkin eru öll úr brenndum leir og teljast þ.a.l. til keramik-tækninnar, þótt fyrst og fremst séu þau höggmyndir. Umgjörð sýningarinnar og aðbúnaður er vandaður og fylgir henni einstaklega vegleg sýningarskrá með mörgum litmyndum af verkunum

Kristjana stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík á árunum 1962-63, Myndlista- og handíðaskólann 1975-79 og við University of Arizona frá 1980-81. Hún býr því yfir allmikilli reynslu í meðferð leirsins og ber sýningin því vitni. Þar er manneskjan í fyrirrúmi í nær öllum verkunum, annað hvort sem tilvistarkenndur þolandi eða sem formræn figúra, laus við allan heimsins harm.

Þessar ólíku viðmiðanir, annars vegar formræn og hins vegar tilvistarkennd, gera sýninguna

dálítið misjafna, en þrátt fyrir það sýnir Kristjana í sínum bestu verkum, veruleg tilþrif og næman listskilning. Þetta er áberandi í þeim verkum þar sem hún fæst við túlkun á þjáningum mannsins og beitir einföldum og hreinum vinnubrögðum til að draga þær fram.

Þetta eru harmræn verk, all-drungaleg, þó með vissu leikrænu yfirbragði. Litur leirsins og einfaldleiki formsins minnir óneitanlega á klassíska, spænska trúarlist. Einkum verður manni hugsað til Zurbarans, en e.t.v. þarf ekki að fara svo langt aftur í tímann því vissan tilfinningarþrunginn og harmrænan tilvist-unartón má finna í list Spánverja allt fram á okkar dag.

Á móti kemur hið leikræna, stundum eilítið barokk-kennnda og fer Kristjana ekki varhluta af því, þótt hún stilli því blessunarlega í hóf í bestu verkunum. Stundum tekst listamanninum að láta þennan þátt vinna með sér og kemur það best í ljós í lágmynd þar sem andlit opnast eins og blómakrans og blöðin gefa til

kynna grímur eða spegilmyndir (Speglun nr. 14). Í slíkum verkum er að finna opnar dyr til annarra átta og spennandi möguleika.

Hinar liggjandi figúrir Kristjönu eru ekki eins tilþrifamiklar. Sumar eru þó haganlega gerðar og látláusar, en bjóða síður upp á tækifæri til útvíkkunar. Þó er ekki loku fyrir það skotið að Kristjana gæti samræmt ýmsa þætti þeirra hinum verkunum og myndað einhvers konar sýnþesu þessara ólíku stefna. Tíminn verður að leiða slíkt í ljós.

Sýning Kristjönu er m.ö.o. opin í báða enda, eins og oftast er um slíkar frumraunir. En möguleikarnir eru fyrir hendi því listamaðurinn ræður yfir ágætri tækni og fósstrar með sér persónulegar hugmyndir. Missi Kristjana ekki sjónar af þeirri gullnu reglu, að nota minna til að tjá meira, þarf ekki að efast um ágæti framhaldsins. Leirinn er hættulegt efni vegna þess að hann er undurfagur í sjálfa sér, en ef Kristjana gerir sér grein fyrir því er útkoman sannferðug og persónuleg.

HBR



Grátur reiðinnar

Pierrot Lunaire í Gallerí Borg

Um sýningu Ásdísar Sigurþórsdóttur

Ásdís Sigurþórsdóttir sýnir í Gallerí Borg við Austurvöll. Hún sýnir 41 mynd, þar af 13 stærri verk. Smærri myndirnar eru samlimingar af alls konar tagi. Ásdís stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann 1974-76 og 1978-80. Hún brautskráðist úr grafíkdeild skólans og hefur síðan 1981 stundað sáldþrykk á eigin verkstæði.

Áð þessu sinni hefur listamaðurinn þó brugðið fyrir sig annarri tækni, olíulitum, sem reyndar eru sömu litirnir og Ásdís notar við grafíkmyndagerð sína. Satt best að segja þá eru olíumyndir þessar mjög áþekkar grafíkmyndum hennar og sumar eru beinlínis tilbrigði um sama stef.

Samt sem áður er eitthvað lifandi í þessum myndum og þær eru óneitanlega lífrænni en grafíkmyndirnar. Þær hafa áferð og einhverja efniskennnd sem grafíkina skortir. Þó eru þær mjög fínlega unnar og minna fremur á vatnslitamyndir en málverk.

trúður er eins og aðrir kollegar hans: tvírætt tákni gleði og sorgar. Þeir dansa á línu, steypa sér kollhnís og standa á höndum, eins og við gerum öll í óeiginlegri merkingu. Bak við leikinn er einhver dulin alvara.

Í öðrum myndum má sjá hjörtu og enn öðrum klæði sem mynda fjölli og bundin eru í hnúti í dalnum. Þetta eru samfellukennd verk með sterkri, miðlægrri myndbyggingu. Alls staðar er nóttin án þess að hún sé yfirþyrmandi. Fyrst og fremst gefur það myndum Ásdísar dulúðugan blæ og óræðan.

Hinn hlutinn af sýningunni er miklu lakari. Það eru smámyndir með samlimingum úr efni og pappír. Hér er ekki verið að kljást við neitt sem máli skiptir, enda eru þessar myndir fremur listmunir en listaverk. Þessir smámunir trufla þó lítið heildina og eru þ.a.l. saklaust uppþyllingarefni.

Þótt sýning Ásdísar sé ekki nógu stór í sniðum, er hún athyglisverð. Þar er á ferð einhver



Ásdís Sigurþórsdóttir

Myndefnið er rómantískt og huglægt í anda Chagalls, eða öllu heldur í ætt við söngljóð Schönbergs „Pierrot lunaire“.

Það er einmitt trúðurinn sem leikur aðalhlutverkið í myndum Ásdísar. Bak við hann er næturstemning í svarbláum lit. Þessi


hreyfing eða þróun sem vert er að skoða nánar. Besta dæmið um þetta er hve vel listamanninum fer úr hendi að umörða grafíkmyndir sínar í lífrænna efni, án þess að um einbera endurtekningu sé að ræða.

HBR

Stökur

Því miður fækkar því fólki sem við getum kallað snjalla hagrýrðinga. Það er minna ort af vísium en áður var og þá um leið fækkar þeim sem kalla má snillinga, of margir fylla flokk meðalmenskunnar.

Einn af snjöllustu hagrýrðingum núlifandi er Böðvar Guðlaugsson, kennari í Kópavogi. Böðvar er fæddur 14. febrúar 1922, lauk prófi frá Kennarskólanum og hefur lengst af starfað sem kennari í Reykjavík en búið í Kópavogi. Böðvar er einnig kunnur fyrir gamanbragi sína og hafa þeir þótt með því besta sem gerist á því sviði, enda maðurinn vel hagamæltur og háðfugl hinn mesti.



SIGURDÓR SIGURDÓRSSON

Ég leitaði til Böðvars og bað hann að senda mér nokkrar vísur og það sem hér fer á eftir er árangurinn. Skýringarnar með vísunum eru eftir Böðvar og hann segir í bréfkorni sem hann sendi með vísunum, að þær spanni yfir all langt tímabil, eða frá því að vera hálfsmánaðar gamlar og uppi hálftrar aldrar.

Eftirfarandi vísa mun vera ort norður í Hrutafirði á þeim gömlu, góðu landabruðsárum:

„Lotinn standa leit ég mann leysa band af tösku, þar að vanda hafði hann hálfu landaflösku“.

Lélegri fundarmennsku minni lýsti ég einhvern tíma þannig:

„Ragur er ég að rjúfa þögn og reifa mál á fundum, en gæti sjálfsagt gapað ögn gáfulegar stundum“.

Á ferðalagi um Dali í blíðskaparverðri var m.a. komið á þær slóðir, þar sem Kjartan Ólafsson var veginn. Þá varð þetta vers til:

„Í Saurbænum var fólk að hamast í heynu, þeim helvítis ósköpum reyni ég ekki að lýsa.“

En við steininn, þar sem þeir káluðu Kjartani greyinu, kom mér í hug þessi ljómandi fallega vísa“.

Þegar í ljós kom einhvern tíma á ferðalagi, að hægri aurlífín hafði dottið af bilnum, varð mér að orði:

„Ekki er skeður skadi neinn, né skakkaföll hjá okkur, þó að horfið hafi einn hægri drullusokkur“.


Sumarið 1974 var ég þátttakandi í ferðalagi um Norður- og Austurland, og meðal annarra ferðafélaga voru Þorsteinn Valdimarsson, skáld, og Þórarinn Guðnason, læknir. Einhverjir létu í ljós ugg um að kveðskapur mundi verða meiri en góðu hófi gegndi í ferðinni:

„Ef útaf við fólk

ekki að gera

óstöðvandi vísnaðliður, Þórarinn læknir þyrfti að skera Þorstein upp og Böðvar niður“.

Varla hefur það farið fram hjá fólki, að Alþýðuflokkurinn er samkvæmt skoðanakönnunum á uppleið, og nýi formaðurinn er að vonum all-roginn:



„Nú er kátt í koti hjá Krötum hér á Fróni. En ætli þeir lifi nú lengi á loftinu í honum Jóni?“

Fyrir mörgum árum síðan var það einhverju sinni, að Mjólksamsalan var skömmuð grimmliga fyrir að selja sem nýmjólk eitthvert lapþunnit sull:

„Samsalan er að ýmsu kunn, og alls ekki mest að sómanum. Undur er mjólkin orðin þunn. Hver andskotinn varð af rjómanum?“

DV birti ekki alls fyrir löngu greinargott yfirlit um verð á hrútsþungum á ýmsum stöðum á landinu, og kom í ljós, að Egilsstaða-pungar voru óheyrilega dýrir, en á Blönduósi mátti fá þá tiltölulega billega:

„Á Héraði gerist kvenþjóðin tæp á taugum, og telja má víst, að þar fækki til muna þungunum, því vitanlega vex henni mjög í augum verðlagið á Egilsstaðapungunum.“

Húnavetskri kvenþjóð hins vegar standa til boða hagkvæm viðskipti mitt í dýrtíðarstandinu:

Á Blönduósi getur hún blátt áfram fengið að moða úr billegustu þungum, sem til eru á landinu“.

Böðvar Guðlaugsson